



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 10/2022

Tilboðsauglýsingar Bílakaupa ehf. án fyrra verðs

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Bílakaupa ehf., dags. 5. júlí 2021, vakti stofnunin athygli á skoðun sinni á vefsíðum bílasala. Í bréfinu var upplýst um það að skoðun stofnunarinnar snéri að tilboðsauglýsingum bifreiða. Í bréfinu var vakin athygli á því að við skoðun Neytendastofu á vefsíðu Bílakaupa, www.bilakaup.com, hafi komið í ljós að fjöldi bifreiða væru merktir með tilboðsmerkingu án þess að tilgreint væri fyrra verðs. Í ljósi framangreinds vakti stofnunin athygli félagsins á ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til framangreinds beindi Neytendastofa þeim tilmælum til Bílakaupa að gæta þess að fara að lögum og reglum er gilda um auglýsingar og tilboðsmerkingar.

2.

Með bréfi Neytendastofu til Bílakaupa, dags. 27. janúar 2022, var vísað til fyrra bréfs stofnunarinnar frá 5. júlí 2021. Vakin var athygli á því að við skoðun Neytendastofu á vefsíðu Bílakaupa þann 21. janúar 2022 hafi komið í ljós að enn væru bifreiðar merktar sem tilboðsbifreiðar án þess að fyrra verð væri tilgreint. Óskaði stofnunin eftir skýringum og athugasemdum félagsins vegna framangreinds. Meðfylgjandi erindinu var að finna skjáskot af umræddum tilboðsbifreiðum, dags. 21. janúar 2022.

Ekkert svar barst við erindi Neytendastofu.

3.

Með bréfi Neytendastofu til Bílakaupa, dags. 1. mars 2022, var ítrekuð fyrri krafa Neytendastofu um athugasemdir og skýringar vegna málsins. Bærisk ekki svar mætti búast við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Ekkert svar barst við erindi Neytendastofu.



II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa gert athugasemdir við framsetningu Bílakaupa ehf. á tilboðum á vefsíðu félagsins þar sem fyrra verð er ekki tilgreint. Við meðferð máls þessa hefur stofnunin ítrekað kröfu sína um skýringar eða athugasemdir án þess að hafa fengið svör eða skýringar af hálfu Bílakaupa. Enn þann dag í dag eru tilboðsauglýsingar á vefsíðu félagsins með óbreyttu sniði.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:

„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértillboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“



Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að neytendur séu blekktir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en samskonar vörur eru venjulega seldar á. Seljendum er því samkvæmt ákvæðinu ekki heimilt að auglýsa verðlækkun nema raunveruleg verðlækkun hafi átt sér stað.

3.

Af gögnum málsins verður ráðið að bílasalan Bílakaup hefur auglýst á heimasíðu sinni bifreiðar til sölu á tilboði án þess að tilgreina fyrra verð, líkt og áskilið er skv. 11. gr. laga nr. 57/2005. Engar skýringar eða athugasemdir um umræddar tilboðsauglýsingar hafa borist Neytendastofu og samkvæmt skoðun Neytendastofu á vefsíðunni þann 27. apríl 2022 hafa ekki verið gerðar umbætur á tilboðsmerkingum á síðunni. Í 2. másl. 11. gr. laga nr. 57/2005 kemur skýrt fram að þess skuli gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var. Bílakaup hafa því brotið gegn framangreindri 11. gr. laganna með því að tilgreina ekki fyrra verð á tilboðsbifreiðum. Slíkir viðskiptahættir eru jafnframt villandi gagnvart neytendum og að mati Neytendastofu til þess fallnir að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun þeirra og brjóta því einnig gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Bílakaupum að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.

III.

Ákvörðunarorð:

„Bílakaup ehf., Víkurhvarfi 6, Kópavogi, hafa með því að tilgreina ekki fyrra verð á tilboðsbifreiðum á vefsíðu félagsins brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Bílakaupum ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 27. apríl 2022

Pórunn Anna Árnadóttir
Forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir